

Meginhlutverk Neytendastofu er að annast framkvæmd laga um rafmagnsöryggi, öryggi almennrar framleiðsluvöru, mælifræði, eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Neytendastofu er auk þess falið að leysa af hendi verkefni sem henni eru falin í ýmsum lögum sem hafa að geyma sérreglur um réttindi neytenda, sbr. lög um neytendalán, lög um vörur unnar úr eðalmálum, lög um rafrænar undirskriftir, lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Sími: 510 1100, Fax: 510 1101
postur@neytendastofa.is, www.neytendastofa.is

Staldráðu við áður en þú kaupir

**Skyndihjálp Neytendastofu
fyrir þá sem kaupa inn rafföng**



NEYTENDASTOFA

Láttu öryggið njóta vafans

Skoðaðu lampa og önnur rafföng vandlega áður en þú kaupir.

- Hefur raffangið CE-merkingu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið að bera CE-merkingu.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? T.d. spenna (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (◊)).
- Er EB-samræmisýfirlýsing (EC-declaration of conformity) tiltæk? Ath. að samræmisýfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða fulltrúa hans.

Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.

- Fylgja notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Ath. að leiðbeiningar er varða öryggi eiga að vera á íslensku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. grennri en eldspýta?

Skoðaðu málið áður en þú kaupir

– og farðu inn á www.neytendastofa.is ef þú ert í vafa



CE

